


Landsáætlun í skógrækt Spurningar til hagaðila

Nú stendur yfir gerð landsáætlunar í skógrækt, þar sem markmiðið er að draga stefnu Íslendinga í skógrækt saman og móta aðgerðir til að ná henni fram. Lykilþáttur í þeirri vinnu er að hlýða á skoðanir fólks um mikilvægi mismunandi áherslna og hvaða markmið við eigum að setja okkur. Í því skyni eru eftirfarandi spurningar lagðar fram.

Í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 er skógrækt skilgreind á á eftirfarandi hátt: „Öll sú starfsemi sem snýr að vernd, endurheimt, ræktun, umhirðu, nýtingu og endurnýjun skóga, þ.m.t. rannsóknir, ráðgjöf, áætlanagerð og verklegar framkvæmdir“. Allir skógar gegna margs konar hlutverkum. Hins vegar eru oft tiltekin sérstök markmið, sem eru þá rök fyrir því að leggja áherslu á og fjárfesta í viðkomandi skógræktarverkefni. Þau markmið hafa svo áhrif á landval, tegundaval og aðferðir. Skógrækt er gjarnan kennd við meginmarkmiðið í hverju verkefni – (viðar)nytjaskógrækt, landgræðsluskógrækt, útivistarskógrækt, kolefnisskógrækt og vistheimt svo dæmi séu nefnd. Oft eru mörkin á milli þessara markmiða óljós, ekki síst af því að þau fara oft ágætlega saman. Öll skógrækt er í raun fjölnytjaskógrækt, en það er lýsing eða jafn vel staðreynd frekar en markmið.

Skógrækt á Íslandi er ekki stefnulaus. Stefnan er hins vegar ekki mjög aðgengileg því hana er að finna í lögum, reglugerðum, samþykktum, fjölþjóðsamningum, markmiðum og bæði innlendum og erlendum hefðum. Hér fyrir neðan er tilraun til að lýsa núverandi stefnu með því að skoða afleiðingarnar í skífuriti



Skífuritið sýnir áherslu í skógrækt árið 2019 mældar sem hlutfall af fjárhagslegri veltu hjá Skógræktinni, Hekluskógum og Landgræðsluskógaverkefninu. Velta mælir gjöld og tekjur en ekki t.d. flatarmál lands eða þátttöku almennings. Þannig er t.d. margfalt meira land á bak við 6% geirann í skógvernd og líffjölbreytni en á bak við 19% geirann í grisjun og umhirðu. Í veltunni eru ekki heldur framlög sveitarfélaga, sem leggja talsverðan skerf til skógræktar, ekki síst í þágu útivistar, og því má ætla að útivistargeirinn sé vanmetinn. Þá má geta þess að erfitt er að draga mörk á milli skógræktarmarkmiða.

Því eru gróðursetningargeirarnir aðeins tveir og skiptingin á milli þeirra ekki mjög nákvæm. Skífuritið gefur því ófullkomna en samt nokkurn vegin rétta mynd af áherslum í skógrækt eins og þær eru núna.

Í eftirfarandi spurningum er verið að leitast eftir afstöðu samtaka og stofnana frekar en persónulegar skoðanir einstaklinga. Spurningarnar eru byggðar á áherslum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eins og þær birtust í skipunarbréfi verkefnisstjórnar landsáætlunar í skógrækt.

Spurningar til samráðsaðila (blátt) og svör HÍN (svart)

1. Hvaða forsendur finnst þér að ættu að liggja að baki landvali til skógræktar m.t.t. náttúruverndar, minjaverndar og landslags?

Við landval verður að horfa til langs tíma og þeirra stórfelldu breytinga sem verða á landslagi og lífríki með skógrækt. Í sumum tilfellum verður að líta á breytingarnar sem óafturkræfar. Þá er mikilvægt að gera skýran greinamun á umfjöllun um birkiskóga annars vegar, sem eru okkar einu náttúrulegu skógar, og annarri ræktun skóga hins vegar.

Í ljósi þeirra víðtæku, margþættu og stundum óafturkræfu umbreytinga sem af skógrækt leiðir, ættu skógræktaráætlanir einnig að sæta mati skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana. Það þyrfti að framkvæma eins konar „Rammaáætlun“ fyrir skógrækt eða öllu heldur fella skógræktaráætlanir inn í heildaráætlanir fyrir landnotkun fyrir stór svæði, landshluta og landið í heild.

Mjög mikilvægt er að allar skógræktaraðgerðir fari í gegnum lögformlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og það má spyrja sig hvort 200 ha viðmiðið sem nú er í lögunum sé ekki of stórt svæði. Það er óásættanlegt ef verkefni eru kerfisbundið bútuð niður í áfanga rétt undir viðmiði laganna til að komast hjá lögformlegu mati líkt og samtöl við hlutaðeigandi aðila hafa bent til. Rétt er að minna á að ef svæðin eru minni en 200 ha er það undir Skipulagsstofnun og /eða sveitarfélaginu komið hvort fara skuli fram umhverfismat.

Einnig má velta því upp hvort ekki eigi að horfa til samlegðaráhrifa og meta fleiri skógræktarverkefni saman þegar skilgreina má þau innan sömu landslagsheildar (jafnvel vatnasviðs) þannig að horft sé til áhrifa inngripa sem verða við skógrækt á landslagsheildir svo ekki sé hægt að fara í mörg minni skógræktarverkefni á sama svæðinu án þess að heildaráhrifin séu metin. Ekki ætti að leyfa skógrækt á landi sem þarf að ræsa fram eða á framræstu votlendi sem hægt er að endurheimta. Þá teljum við mikilvægt að meta hvort ekki sé réttara að fara í færri en stærri nytjaskógaplantekrur heldur en að dreifa þeim eins og nú er gert.

2a. Hversu mikla áherslu á að leggja á vernd og endurheimt náttúruskóga og hverjar eiga áherslurnar að vera? (T.d. vernd núverandi skóga og þá hvernig? Aukin útbreiðsla með gróðursetningu, sjálfsáningu eða breyttri landnotkun?)

Leggja á mesta áherslu á vernd og endurheimt birkiskóga. Gera þarf skýran greinarmun á verndun og stýringu með náttúrulegum birkiskógum annars vegar og skógrækt, sem er eitt form landbúnaðar, hins vegar. Birkiskógar eru lykilvistkerfi í íslenskri náttúru. Þrátt fyrir mikla eyðingu skóga frá landnámi hefur erfðaefni birkisins varðveist í mörgum og útbreiddum skógarleifum, sem mikilvægt er að vernda. Það liggur mikil auðlind í þeirri líffræðilegu fjölbreytni sem hefur varðveist (þrátt fyrir tap sem orðið hefur líka með skógareyðingunni) í skógarleifunum á öllum skipulagsstigum lífsins, þ.e. erfðafræðileg fjölbreytni tegundarinnar, tegundafjölbreytni ofan- og neðanjarðar í birkisvistkerfum, breytileiki gróðursamfélaga og sá breytileiki sem er að finna á landslagskvarða.

Af mikilvægum atriðum sem þarf að taka tillit til varðandi verndun og stýringu með náttúrulegum birkiskógum má nefna eftirfarandi:

- gamla skóga eða fornskóga
- sérlega tegundaauðuga skóga (verndun líffræðilegrar fjölbreytni)

- skóga með ólíkum botngróðri (sbr. vistgerðaflokkun NÍ)
- skóga sem teljast sérlega gott dæmi um ólíkar gerðir birkiskóga
- skóga með birki með ólíku vaxtarformi (upprétt/einstofna og kræklótt/margstofna)
- skógarleifar í landshlutum/á svæðum þar sem lítið er eftir af náttúrulegu birki

Í ljósi loftslagsbreytinga (hlýnandi loftslags) og breyttrar landnýtingar (minni sauðfjárbeitar) er líklegt að birki muni á næstu áratugum dreifast í mjög auknum mæli af sjálfsdáðum, þar sem fræuppspretta er fyrir hendi, í nágrenni við hálfgróið land (með tilvísun til örugggra seta) eða jafnvel svæði á fyrstu stigum framvindu. Það má telja jákvæða breytingu á umhverfi út frá mörgum sjónarhornum, til að mynda líffræðilegri fjölbreytni, þanþoli gegn gjóskufalli, uppbyggingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og útivistargildi. Þó er jafnframt mikilvægt að leggja alltaf jafnhliða fjölbætt mat á gildi landsins sem er að breytast. Það mat verður að leggja hverju sinni bæði á sérstakt gildi landsins sem um ræðir og gildi þess vistkerfis/vistgerðar á landsvísu. Til útskýringar hér má nefna að lítt gróið og opið land á Íslandi er mikilvægt búsvæði fyrir allmargar fuglategundir sem eru sérstakar ábyrgðartegundir Íslands og sem hafa átt undir högg að sækja í öðrum löndum. Verðmæti þess að viðhalda opnu landi verður þess vegna alltaf að meta jafnhliða, bæði á svæðisvísu og á landsvísu.

Leggja skal áherslu á endurheimt birkivistkerfa og fara aðferðirnar eftir aðstæðum og markmiðum hverju sinni. Sagan og rannsóknir sýna að sjálfgræðsla birkis sé áhrifamikil leið þar sem aðstæður eru hagstæðar, sbr. á Skeiðarársandi, í Þórsmörk og fleiri stöðum. Með takmörkuðum markvissum inngrípum er unnt að ýta enn frekar undir þetta og er góð þekking til staðar til að skipuleggja slíkt. Í sumum tilvikum geta aðgerðir falið í sér beitarstýringu og í öðrum að planta eða sá birki til að koma upp fræuppsprettu þar sem of langt er í birki og/eða aðgerðir til að skapa örugg fræset. Á minni svæðum gæti verið áhrifaríkt að gróðursetja í allt svæðið. Hafa skal í huga að við endurheimt vistkerfa er lögð áherslu á vistkerfið í heild sinni en ekki er um að ræða ræktun ákveðinnar tegundar þó hún sér lykiltægund í viðkomandi vistkerfi.

2b. Hver er æskileg útbreiðsla náttúruskóga sem % af landinu?

Við teljum ekki forsendur til að svara þessari spurningu með einfaldri prósentutölu. Fara ætti fram heildstætt mat á þörfum til helstu landnýtingarþátta.

3a. Hversu mikilvægt finnst þér að byggja upp skógarauðlind til viðarnytja, og hvernig sérð þú framtíðarnytjar skóga þróast hvað varðar umfang og tegund nýtingar?

Hér finnst okkur skorta forsendur til að svara því til hvað raunhæft sé að stefna að í þessum efnum. Skógar til viðarnytja eru mikilvægir. Síminnkandi sótspor í innflutningi timburs ætti vissulega að vera markmið. Við ættum að vera sjálfum okkur nóg hvað snertir öll jólatré, girðingastaura og kurl (bæði fyrir garða og gæludýr). Hinsvegar þyrfti betra aðgengi að upplýsingum um núverandi framleiðslu til að geta svarað þessu nánar (sjá einnig 3b).

3b. Er timburöryggi mikilvægt?

Eins og í 3a finnst okkur vanta upplýsingar um núverandi nýtingu á afurðum úr íslenskum skógum, við höfum ekki getað fundið magntölur þrátt fyrir leit. Af því sem hefur þó fundist, virðist sem timburnot séu mest af lerki. Ekki kemur þó fram neitt um hvernig stafafura er notuð en hún er sú tegund sem mest hefur verið plantað mörg undanfarin ár skv. ársriti Skógræktarinnar.

Í því neytlusamfélagi sem við lifum er varla raunhæft að stefna á fullt timburöryggi. Við vísum í 3a. Okkur finnst sömuleiðis að það þurfi að stíga afskaplega varlega til jarðar þegar kemur að ríkisrekinni

timburframleiðslu og vanda valið vel. Timburöryggi er gott og gilt en kannski ekki sama hvað það kostar. Innflutningur á timbri þarf ekki að vera alslæmur ef skipin sigla til baka hlaðin varningi frá landinu.

4a. Í hverju felst sjálfbær skógrækt/nýting skóga?

4b. Hvernig tryggjum við hana?

5a. Telur þú skógrækt geta haft mikilvæga þýðingu í atvinnuþróun og viðhaldi/eflingu byggðar?

5b. Hvernig helst?

6a. Hversu mikilvægt er aðgengi fólks að skógum til útivistar?

Þeir geta verið mjög mikilvægir en hér er ekki hægt að setja alla skóga undir sama hatt. Mjög dimmir barrskógar með fábreyttu lífríki og litlum botngróðri hafa lítið aðdráttarafl til útivistar skv. erlendum rannsóknnum. Sumar íslenskar barrviðarplantekjur eru svo þéttar að um þær er ekki fært og sama gildir stundum um birkikjarr. Það er mjög mikilvægt að um skóga séu vel merktir stíga og þar sem við á, sé gott aðgengi fyrir bíla þar sem stígurinn byrjar. Skólar og leikskólar geta nýtt sér skóga sem góðir stígar liggja um en það er næsta vonlaust ef enga stíga er að finna eða bara lítið bílastæði við hliðið.

6b. Hvaða ágóði er af því fyrir einstaklinga?

Góð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Ávinningur í auknum lífsgæðum og lýðheilsu. Tækifæri til fræðslu ef tækifæri til fræðsluskilta er nýtt. Tækifæri til að kynna búsvæði því sem skógur er og kynna öllum þeim fjölbreyttu lífverum sem þar er að finna. Í skóginum er hringrás lífsins sýnileg þar sem eins dauði er annars líf og tilvalið að fræða um lífríkið í því samhengi. Skógar geta verið góðir til útivistar þó það sé næðingur á opnara svæði, þar af leiðandi er skjólið í skóginum ákveðin hvatning til frekari útivistar. Skógar bjóða sömuleiðis upp á sveppa og berjatínslu, fuglaskoðun og hljóðupplifun með fuglasöng og þyt í lafi.

6c. Fyrir samfélagið?

Öll bætt lýðheilsa er góð fyrir samfélagið. Öll bætt þekking fólks á náttúrunni er góð fyrir samfélagið. Skólakerfið og félög eldri borgara eru dæmi um samfélagshópa sem mættu nýta skóga til útivistar, fræðandi afþreyingar og kennslu.

6d. Fyrir skógareigendur?

6e. Hvernig er best að tryggja aðgengi almennings að skógum til útivistar?

Sjá 6a – með vel merktum stígum og rúmgóðum bílastæðum við hliðið.

Það þarf að gera betur víða um land- hafa gott aðgengi, stíga, upplýsingar og auglýsa þetta miklu betur en nú er gert. Virkja skólakerfið betur.

7. Hvernig er best hægt að tryggja að samspil skógræktar og líffræðilegrar fjölbreytni verði farsælt fyrir hvort tveggja?

Hér er komið að mjög mikilvægum þætti sem HÍN vill sérstaklega benda á.

Efst í þessu plaggi segir að stefna skógræktar á Íslandi ráðist m.a. af þeim alþjóðlegu samningum og skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir. Í starfi og stefnu hinnar opinberu stofnunar sem fer með skógræktarmál hér á landi, Skógræktarinnar, birtist því miður alvarlegur misbrestur hvað þetta varðar. Sá misbrestur birtist í kæruleysi og ófullnægjandi varúð í notkun á innfluttum tegundum. Hingað hafa verið fluttar inn og notaðar í stórum stíl tegundir sem orðið hafa ágengar í mörgum öðrum löndum og líklegt er að verði það einnig á Íslandi þótt stofnar þeirra séu enn sem komið er ekki það stórir að tegundin hafi náð inn á lista sem ágeng eða mögulega ágeng tegund. **Útbreiðsla ágengra plöntutegunda sem notaðar eru í skógrækt eru ein alvarlegast ógnin við líffræðilega fjölbreytni í íslenskum þurrlandisvistkerfum.**

Stjórn HÍN tekur mjög mikilvægt að koma þeim skýru skilaboðum til yfirvalda skógræktar í landinu að **ÞAÐ VERÐUR AÐ VIÐHAFA MIKLU MEIRI VARÚÐ VIÐ VAL OG DREIFINGU Á INNFLUTTUM TRJÁTEGUNDUM. META VERÐUR HVORT LÍKUR SÉU Á AÐ TEGUND VERÐI ÁGENG. Slíkt mat verður að uppfæra reglulega í takt við nýjar rannsóknir og bættu þekkingu.** Við matið ætti einkum að hafa til hliðsjónar hvort viðkomandi tegund hafi orðið ágeng í öðrum löndum, hvort náskyldar tegundir hafi orðið ágengar í öðrum löndum og hvort stofnvistfræðilegir þættir gefi tilefni til að ætla að tegund geti orðið ágeng. Það verður að teljast ámælisvert hvernig opinber fagstofnun Íslenska ríkisins hefur sniðgengið alþjóðlega samninga, vísindalega þekkingu og ríkjandi viðhorf innan hins alþjóðlega vísindasamfélags sem og mat á þeim afleiðingum sem útbreiðsla ágengra tegunda getur haft, einkum mjög neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og óafturkræfar breytingar á landslagi. Stjórn HÍN telur að gera eigi áhættugreiningu áður en tekin er ákvörðun um að dreifa innfluttum trjám um landið og þjóða þau fram sem efnivið í skógræktarverkefni. Við val á tegundum verður einnig að hafa staðsetningu skógræktarsvæða í huga og gæta enn meiri varúðar í nágrenni þjóðgarða og friðlýstra svæða og þar sem hætta er á að innfluttar tegundir getið breiðst inn á náttúruleg vistkerfi. Sem dæmi má nefna að fyrir mörgum árum var plantað í trjálund í miðju Eldhrauni og nú er stafafura ásamt lerki að dreifa sér út í mosann. Þetta er mjög óábyrgt og sá misskilningur er í gangi meðal sumra skógræktarmanna að þetta auki líffræðilega fjölbreytni á svæðinu því fleiri æðplöntutegundir vaxi á viðkomandi stað.



Alveg nýlega kom út grein 35 höfunda sem ýmist starfa við háskóla, rannsóknastofnanir eða aðrar opinberar stofnanir þar sem lögð eru til hnattræn viðmið fyrir notkun innfluttra trjátegunda til að koma í veg fyrir að slíkar tegundir breiðist út og verði ágengar í nýjum heimkynnum (*Global guidelines for the sustainable use of non-native trees to prevent tree invasions and mitigate their negative impacts*). Viðmiðin eru byggð á samþykktum Evrópuráðsins og umgengnisreglum Bernar samningsins fyrir ágengar trjátegundir (*Council of Europe – Bern Convention Code of Conduct on Invasive Alien Trees*). Afrakstur vinnunnar er m.a. átta leiðbeiningar (*recommendations*). Þar á meðal er að ekki skuli nota ágengar innfluttar trjátegundir, að gæta skuli varúðar og hlíta alþjóðlegum og innlendum reglum varðandi innflutt tré, að hafa beri í huga þá áhættu sem tekin er með innflutningi, hafa virkt eftirlit með stofnum innfluttra trjáa og geta brugðist hratt við og eiga virkt samtal við hagaðila um áhættu þá sem felst í ágengum innfluttum trjám og um áhrif þeirra (Brundu o.fl. 2020). Við mælum með því að Skógræktin taki viðmið af þessum leiðbeiningum.

Stafafura á Íslandi

Okkur er kunnugt um að margir íslenskir vistfræðingar hafa nú miklar áhyggjur af útbreiðslu stafafuru (*Pinus contorta*) á Íslandi. Skv. ársritum Skógræktarinnar er stafafura sú trjátegund sem mest hefur verið plantað af mörg undanfarin ár. Margir íslenskir vistfræðingar, þ.á.m. þeir sem sitja í stjórn HÍN, telja að stafafura sé mjög viðsjárverð tegund. Henni hefur verið lýst sem einni ágengustu trjátegund jarðar (Bravo-Monasterio, Pauchard & Fajardo 2016) og hún er nú flokkuð sem ágeng í mörgum löndum (Davis o.fl. 2019, Langdon o.fl. 2019). Samkvæmt lista Richardsos og Rejmaneks (2004) telst hún ágeng í Ástralíu, Chile, Bretlandi, Írlandi, Nýja-Sjálandi og Svíþjóð. Í þessu samhengi má nefna að á vegum sænskra stjórnvalda var nýlega birt viðtækt vísindalegt mat á líkum á því að lífverutegundir verði ágengar og ógni líffræðilegri fjölbreytni í Svíþjóð (Strand o.fl. 2018). Þar er stafafura sett í hæsta áhættuflokk (SE=Severe Impact) með hæstu einkunn fyrir möguleika á að verða ágeng og næst hæstu einkunn fyrir vistfræðileg áhrif. Í hæsta áhættuflokk fóru þó aðeins um 9% af þeim plöntutegundum sem teknar voru til mats (alls 585). Á lista danska umhverfisráðuneytisins (Miljö- og födevareministeriet) frá 2019 er stafafuran skráð sem ágeng tegund. Á Nýja Sjálandi er nú bannað að

rækta, dreifa eða selja stafafuru (Nunez o.fl. 2017). Stafafuran er augljóslega tegund sem fyllsta ástæða er til varast.

Í löndum þar sem stafafura er innflutt, hafa samanburðarrannsóknir sýnt að hún leiðir til rýrnunar á tegundaauðgi plöntusamfélaga, borið saman við nálæg innlend vistkerfi án stafafuru. Áhrifin voru mest þar sem stafafura var eina hávaxna tréð (Davis o.fl. 2019, Taylor o.fl. 2016). Niðurstaða Bravo-Monasterio, Pauchard & Fajardo (2016) er að innrás staafafuru í gresjur Patagóníu geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni og fyrir starfsemi vistkerfa. Stafafuran hefur líka mikil áhrif á landslag og spurningakönnun meðal gesta í Malcalhuello friðlandinu í Chile leiddi í ljós að flestir gestir vildu ekki sjá innfluttar furur í friðlandinu og þegar gestir voru beðnir um að raða ljósmyndum eftir því hversu aðlaðandi þeir töldu landslagið vera, lentu neðst myndir sem sýndu land þar sem fura var ríkjandi (Bravo-Vargas o.fl. 2019).

Til að spá fyrir um líklega hegðun stafafuru á Íslandi, liggur líklega beinast við að skoða áhrif hennar á Patagóníu sléttunni í suður Ameríku. Þar eru trjálausar sléttur vaxnar þúfumyndandi grösom, þófaplöntum, en á milli eru víða ógrónir blettir. Þessi vistkerfi virðist stafafuran auðveldlega leggja undir sig (Langdon o.fl. 2019). Lofthiti er ekki ósvipaður því sem gerist á Íslandi, þarna er vindasamt en heldur þurrara en víðast hvar á Íslandi. Í ljósi reynslu frá Patagóníu verður að teljast harla líklegt að stafafura geti orðið ágeng hér á landi. Við þetta bætist svo reynsla frá nálægari löndum: Danmörku, Svíþjóð og Írlandi, allt lönd þar sem stafafura er talin ágeng.

8a. Hversu mikilvæg er skógrækt sem aðgerð til að stemma stigu við hraðfara loftslagsbreytingum?

Skógrækt er mikilvægur þáttur í því að vinna gegn loftslagsbreytingum, ein leið af mörgum. Það er þó mjög mikilvægt að huga að því að aðgerðir sem ætlaðar eru til kolefnisbindingar séu ekki í mótsögn við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar okkar, svo og ábyrgð okkar að vernda og viðhalda samsetningu tegunda (líffræðilegri fjölbreytni) og virkni í náttúrulegum vistkerfum okkar. Það er ekki góð leið að horfa einungis á excel skjal og velja tegundir út frá vexti þeirra og bindingu kolefnis, því huga þarf að öðrum þáttum, s.s. líffræðilegri fjölbreytni. Þá vantar upp á þekkinguna hér á landi á heildar kolefnisbindingu í vistkerfinu, þ.e. bindingu í jarðvegi þar sem varanlegra kolefni safnast. Alþjóðlega er aukin áhersla á náttúruskóga, verndun og endurheimt þeirra í tengslum við loftslagsmálin. Þó birki bindi minna kolefni á flatarmálseiningu er trúlega unnt að endurheimta mun stærri svæði með minni tilkostnaði þar sem lögð er áhersla á sjálfræðslu birkis.

Tryggja þarf að skógrækt og það rask sem fylgir plöntun og fleiru valdi ekki meiri losun en bindingin sem skógurinn gefur. Það þarf að taka það inn í útreikninga af loftslagsávinning. Einnig þarf að tryggja að ekki sé verið að planta trjám undir hatti kolefnisbindingar á framræst votlendi þar sem að hægt er að endurheimta votlendið og fá þannig meiri bindingu. Einnig ætti ALDREI að framræsa land undir skógrækt.

8b. Hvernig er best að aðlaga skógrækt að þeim breytingum sem fyrirséðar eru?

Við áttum okkur ekki alveg á því hvaða breytinga verið er að vísa til hér?

9a. Hversu mikilvægar eru rannsóknir fyrir skógræktarstarfið.

Rannsóknir eru grundvöllur þess að unnt sé að stunda markvissa skógrækt.

9b. Finnst þér vera næg áhersla á rannsóknir?

Nei, gera þarf mun betur, einkum í rannsóknnum á áhrifum skógræktar á líffræðilega fjölbreytni á landslagskvarða. Einnig vöktun til að fylgjast með langtímabreytingum, orsökum og helstu áhrifum.

9c. Finnst þér nóg gert í því að miðla þekkingu og upplýsingum um skógrækt?

Allt of mikil áhersla virðist vera hjá Skógræktinni á viðarframleiðslu og ræktun erlendra tegunda. Ekki er þó ljóst í hvað sú framleiðsla fer og hvort raunverulegar nytjar séu af slíkri ræktun. Birkivistkerfið hefur ekki fengið þá áherslu sem því ber skv. lögum um skógrækt og skyldum okkar, m.a. gagnvart samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Auka þarf aðgengið að upplýsingum. Auglýsa ferðir. Virkja skólana þannig að þeir eigi meiri valmöguleika en eina útikennslustofu. Áhersla ætti að vera á að fræða um plönturnar og dýrin í vistkerfinu. Líklega er slík fræðsla lítil á vettvangi, heldur er tilhneiging á að leggja áherslu á útiveruna sem slíka og að hafa eld, hita kakó o.s.frv.. Vitað er að kennarar á yngra- og miðstigi, sérstaklega, eru flestir ekki nógu vel undirbúnir faglega og því ber að huga að endurmenntun kennara og fræðsluefni fyrir skóla. Skólar ættu að hafa svigrúm innan tímamarka til að hægt sé að nýta útikennslu (sem tekur meiri tíma en eina til tvær kennslustundir). Hægt er að kenna fleiri fög en náttúrufræði (til dæmis skapandi greinar) með útikennslu og samnýta kennara til þannig náms í meira mæli.

10a. Hvað veist þú um stjórnsýslu/eftirlit um ástand og nýtingu skóga?

10b. Hverjar eiga áherslur að vera við að stuðla að því að farið sé að lögum/stefnu í skógrækt?

Efna ætti til heildstæðrar og úttektar á því hvernig tekist hefur til í skógræktarverkefnum á Íslandi. Þetta er mikilvægt í ljósi þeirra víðtæku og stundum óafturkræfu áhrifum sem hún hefur en einnig í ljósi þess að hún hefur verið kostuð af skattfé almennings. Í þessari úttekt ætti m.a. að leggja mat á afrakstur og gæði skógræktarverkefna, hvernig eftirfylgni hefur verið háttáð og hvort hún hefur verið fullnægjandi, hvaða afurðir hafa fengist af ólíkum trjátegundum, hvernig þær hafa verið notaðar og hver hinn fjárhagslegi ábati er. Í úttektinni ætti einnig að benda á hvar og hvernig megi bæta svæðaval, tegundaval, verkferla og stjórnun verkefna.

11a. Hverjar eiga áherslur að vera varðandi eldvarnir í skógum/skógi vöxnu umhverfi?

þurfa að vera þannig að nálæg náttúruleg vistkerfi séu ekki í hættu.

11b. Hvað með önnur öryggismál, t.d. gagnvart slysum við vinnu í skógum?

12. Finnst þér að breyta þurfi hlutfallslegum áherslum skógræktar miðað við skífuritið hér að ofan og þá hvernig?

Leggja áherslu á birkiskógana umfram viðarframleiðslu, því við berum ábyrgð á því vistkerfi. Auka hlut fræðslu og kynningar.

13. Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Stjórn HÍN vill koma þremur atriðum á framfæri sérstaklega:

1. Aukin meðvitund og varúð gagnvart dreifingu á innfluttum tegundum sem geta orðið ágengar í íslenskri náttúru er mjög mikilvæg. (Stafafura og lúpína nefndar sérstaklega.)
2. Rannsaka betur áhrif skógræktar á líffræðilega fjölbreytni á landslagskvarða.
3. Koma í veg fyrir innflutning á örverum og hryggleysingjum sem geta orðið að plágum, mest er hættan á því að þetta slysisst með í innflutningi á lifandi plöntum.

10. nóvember 2020

Stjórn Hins íslenska Náttúrufræðifélags